



VEK3A05 - VERKSTÆÐI II

Námsáætlun, haustönn 2021

Kennari/kennarar:

Hákon Már Oddsson

Netfang/netföng:

hakon@bhs.is

Lýsing:

Áfanginn er í formi verkstæðis þar sem nemendur þjálfast í að nýta sér þann grunn sem þeir hafa aflað sér í fyrra námi og er sjálfstætt framhald af kvikmyndun á vettvangi USE2A05. Lögð verður aðaláhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og þjálfun í ýmsum hlutverkum og störfum kvikmyndagerðar við krefjandi aðstæður. Nemendur velja viðfangsefni í samvinnu við kennara og lögð er áhersla á vinnu á vettvangi bæði innan skóla en þó sérstaklega í samstarfi við aðila og stofnanir utan skóla. Nemendur halda nákvæma ferilbók um framlegð og þjálfast í að skrá, meta og lýsa eigin vinnuframlagi. Nemendur vinna í samvinnu við nemendur í grafískri hönnun og í leiklist eftir því sem tilefni gefast til og verkefni bjóða uppá. Lögð er áhersla rýni, tilraunir og samvinnu.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi öðlast þekkingu og skilning á kvikmyndauppptökum, hljóðupptöku, lýsingu, klippingu og tæknilegum og faglegum þáttum fjölkameruvinnslu. Nemandi öðlast þekkingu og skilning á almennri eftirvinnslu, mikilvægi titla, áhrifum litunar og hljóðmyndar.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að undirbúa viðburði fyrir eina eða fleiri upptökuvél með vali á staðsetningu upptökuvéla, með lýsingu og hljóðupptöku þannig að viðfangsefni komist til skila.

Nemandi lærir að setja saman myndskleið úr fjórum eða fleirum upptökuvélum.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að sviðsetja senu eða viðburð og beita kvikmyndaupptökuvél og lýsingu þannig að tilætluð áhrif náist, skipuleggja og nota fjölkameruupptöku, stýra upptökum og vinna með þáttakendum og fjalla um og meta eigin verk á upplýstan og greinargóðan hátt.

Námsmat:

Námsamat er leiðsagnarmat, frammistöðumat, verkefnamat, jafningjamat og sjálfsmat. Nemendur halda ferilbók og skrá verkefni og vinnuframlag. Ferilbók skal skráð með nákvæmum tíma- og dagsetningum, lýsingu á vinnuframlagi og verkefnum. Heildarvinna nemenda miðast við 5 feininga áfanga minnst 90 klst á önn. Nemendur skulu taka þátt í helstu föstu verkefnum og minnst 5 leiki í hokkí eða um 30 klst og minnst 30 klst framlag á RIFF, önnur verkefni minnst 30 klst. Heildar vinnuframlag áfanga er 90-120 tímar að meðtöldum kennslustundum.

Námsgögn:

Námsgögn er lögð fram bæði í fyrirlestrum og á fundum með samstarfsaðilum en lögð er mikil áhersla á sjálfstæða vinnu nemenda og frumkvæði í verkefnum. Öll verkefni eru skráð í ferilbók nemenda og skal hún vera aðgengileg hópnun til skoðunar. Reglulega er gert uppgjör og verkefnastaðan metin hjá hverjum nemenda. Öll skráning á viðburði er rafræn og er notast við m.a. við Google skjalaskráningu og FB eða sambærilegt í samskiptum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Í áfanganum munu nemendur taka þátt í viðburðum innan og utan skóla í samvinnu við aðila utan áfangans og mun reyna mjög á sjálfstæð vinnubrögð nemenda sem þurfa að skipuleggja verkefni og bera ábyrgð á heildarferlinu og mikil áhersla er lögð á upptök og útsendingar, en einnig á undirbúning og í lokin eftirvinnslu eftir atvikum, skil verkefna og frágang.

Vinna nemenda getur skarast á við annað nám á álagstímum og er mikilvægt að nemendur upplýsi aðra kennara fyrirfram um fjarveru og haldi nákvæma tímaskrá um verkefni sérstaklega þegar um starfsnám utan skóla er að ræða. Nemendur bera fulla ábyrgð á skörun strafsnaðmsins við annað nám og er það hluti af verkefnum áfangans að læra að takast á við slíkar aðstæður. Próf og verkefnaskil í öðrum áföngum hafa ávallt forgang. Nemendur þjálfast í að forgangsráða verkefnum.

Nokkur verkefni liggja nú þegar fyrir.

- a) Borgarholtsskóli hefur verið í farsælu samstarfi við Kvikmyndahátíð í Reykjavík frá hausti 2005 og mun það samstarf halda áfram. Nemendur vinna verkefni fyrir RIFF TV undir stjórn verkefnastjóra RIFF og sjá um gerð innslaga (handrit, upptaka, klipping) og streyningu á Masterclass með heiðursgestum hátíðarinnar en nemendur fá að auki aðgöngupassa á hátíðina sem gildir á allar myndir og mikilvægt að nemendur sjái sem flestar hátíðarmyndir <https://riff.is/>.
- b) Borgarholtsskóli hefur í samvinnu við meistaradeild Fjölis (áður skautafélags Bjarnarins) tekið upp og sent út íshökkíleiki frá Egilshöll síðan haustið 2011 og mun halda því samstarfi áfram. Leikjum er streymt á miðlum íshökkísambandsins. Nokkrir úrslitaleikjanna hafa verið streymdir á RÚV Sport og MBL í beinni útsendingu. Leikjaplan og aðrar gagnlegar upplýsingar má finna á vef Íshökkísambands Íslands: <https://www.ihl.is/>
- c) Stefnt er að því að taka upp leikrit í Þjóðleikhúsi, Borgarleikhúsi eða öðrum atvinnuleikhúsum og vinna síðan úr upptökum í multicam klippingu.
Borgarleikhúsið: <https://www.borgarleikhus.is>
Þjóðleikhúsið: : <https://www.leikhus.is>

Önnur verkefni eru tilfallandi, verða kynnt fyrir hópnum áður en þau fara í vinnslu.

Vegna kórónuveirufaraldursins og þeirrar óvissu sem fylgir í kjölfarið áskilur kennari sér rétt til að breyta fyrirhugaðri námsáætlun og/eða kennslufyrirkomulagi með litlum fyrirvara í samráði við nemendur.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	18.-20. ágúst	Undirbúningur og skipulagning	
2	23.-27. ágúst	Stúdíó byggt og farið yfir tæki og forrit	
3	30. ágúst- 3. sept.	Hokkí / önnur verkefni	
4	6.-10. sept.	Hokkí / önnur verkefni	Nýnemahátíð
5	13.-17. sept.	Hokkí / önnur verkefni	
6	20.-24. sept.	Hokkí / RIFF / önnur verkefni	
7	27. sept.- 1. okt.	Hokkí / RIFF / önnur verkefni	Varða I
8	4. okt.- 8. okt.	Hokkí / RIFF / önnur verkefni	Heilsudagur
9	11. okt.- 15. okt.	Hokkí / leikhús / önnur verkefni	
10	18. - 21. okt.	Hokkí / leikhús / önnur verkefni	Hausthlé
11	26. - 29. okt.	Hokkí / leikhús / önnur verkefni	Hausthlé
12	1.-5. nóv.	Hokkí / leikhús / önnur verkefni	Varða II
13	8.-12. nóv.	Hokkí / leikhús / önnur verkefni	
14	15.-19. nóv.	Hokkí / leikhús / önnur verkefni	
15	22.-26. nóv.	Hokkí / leikhús / önnur verkefni	
16	29. nóv - 3. des.	Frágangur, eftirvinnsla og skil	
17	6.-10. des.	Kynning á ferilbók og verkefnum	
18	13.-17. Des.	Einkunnaskil	Kennslu lýkur Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.